Samtök
ferðaþjónustunnar

S A F

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík 26. september 2006

Athugasemdir við tillögur Orkuveitu Reykjavíkur að matsáætlunum vegna:
Jarðgufuvirkjun, allt að 135MWe á Ölkelduhálssvæði
Jarðgufuvirkjun, allt að 90 MWe við Hverahlíð

Samtök ferðaþjónustunnar, fyrir hönd félagsmanna sinna, gera hér með eftirfarandi athugasemdir við ofangreindar matsáætlanir. Þar sem þeir kaflar í áætlununum sem gerðar eru athugasemdir við eru nánast samhljóða er látið nægja að skila sameiginlegri athugasemd við báðar áætlanirnar.

Samtökin telja að þær kannanir sem stuðst er við og eiga að liggja til grundvallar mati á umhverfisáhrifum gagnvart ferðaþjónustu og útivist séu alls ófullnægjandi.

Megin könnunin er sögð vera könnun Rannsókna og ráðgjafar ferðaþjónustunnar á áhrifum jarðvarmavirkjunar á Hellisheiði á útivist og ferðaþjónustu frá árinu 2001. Helstu annmarkar á þeirri könnun eru að hún fjallar um aðra virkjun á öðrum stað og að þar er fyrst og fremst könnuð afstaða almennings á Íslandi til hugsanlegrar virkjunar við Hveradali. Það sem snýr að erlendum ferðamönnum er annarsvegar viðhorfskönnun meðal gesta í Nesjavallavirkjun og svo almenn könnun meðal brottfararfarþega í Flugstöð um hve stór hluti þeirra hafi komið að Nesjavöllum, en ekki spurt um afstöðu þeirra. Það liggur í augum uppi að viðhorf gesta í orkuveri eru ekki líkleg til að endurspegla viðhorf almennra ferðamanna, hvað þá þeirra sem sérstaklega eru komnir til að njóta útiveru og náttúruskoðunar. Hluti könnunarinnar byggir á skoðunum vetranotenda og er hún gerð í skíðaskálum og hlýtur það að lita verulega niðurstöðu. Engin könnun hefur verið gerð meðal fyrirtækja í ferðaþjónustu.

Benda má á að í því samráði sem hefur verið haft við ferðaþjónustuaðila þá hafa átta aðilar sent inn athugasemdir og ætti það að gefa tilefni til að kanna betur og ítarlegar áhrif á þá starfsemi.

Samtökin óska því eftir að gerð verði ítarleg könnun á áhrifum virkjunar á starfsemi þeirra fjölmörgu ferðaþjónustufyrirtækja sem nýta þetta svæði fyrir atvinnustarfsemi sína

Í skýrslunni er vísað í Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma því til stuðnings að öll svæði innan rannsóknarsvæðis Orkuveitunnar falli í umhverfisflokk (a) og talin hafa lítil umhverfisáhrif. Hafa skal skýrt í huga að jarðhitakostir voru ekki skoðaðir fyrr en á síðustu mánuðum starfs við áætlunina og var mjög umdeilt hver umhverfisáhrif þeirra væru, þó þau væru augljóslega eitthvað minni en af Hálslóni.

Staðsetning borhola og stöðvarhúss er afar mikilvæg og verður að telja staðsetningu t.d. HE-22 tilraunaholunnar afar umdeilda þar sem hún er frammi á brún sem blasir við mjög stóru svæði. Lagning röra skiptir hér einnig miklu máli þar sem sjónræn áhrif þeirra eru mikil. Þannig getur einskorðun við þröng hagsmunasjónarmið eins aðila haft veruleg áhrif á hagmuni fleiri. Gera þarf ítarlega grein fyrir öllum valkostum í stöðunni varðandi staðsetningu í upphafi ferilsins þannig að hægt sé að meta hverjir þeirra komi til með að hafa lágmarksáhrif. Verður því að krefjast að staðsetning allra mannvirkja, bæði bygginga, borhola, röra, raflína og vega liggi fyrir þegar áhrif eru metin.

Samtök ferðaþjónustunnar vilja undirstrika að hér er um að ræða svæði í næsta nágrenni höfuðborgarinnar sem er afar mikilvægt ferðaþjónusunni vegna skemmri ferða. Almennt er dvalartími ferðamanna að styttast og eins er fjöldi funda og ráðstefnugesta vaxandi en þeir eru einmitt einn megin markhópurinn fyrir skemmri ferðir á lítt snortin svæði.

Afar mikilvægt er að við mat á umhverfisáhrifum séu bornir saman framtíðarhagsmunir ferðaþjónustunnar við arðsemi af virkjun en ekki núverandi hagsmunir ferðaþjónustunnar við framtíðarvirði virkjunar eins og oftast hefur verið raunin.

Samtökin geta ekki fallist á þessar virkjanir að óbreyttu.

fh. stjórnar Samtaka ferðaþjónustunnar

Erna Hauksdóttir
framkvæmdastjóri